



1435. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 26.5.2026 og hefst kl: 17:00

2605-3977

Dagskrá

1. 2605-3553 - Bæjarlistarmaður Akraness 2026

Árlega útnefnir Akraneskaupstaður bæjarlistamann til eins árs í senn. Menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar óskaði eftir tillögum frá almenningi um bæjarlistamann Akraness árið 2026 og alls bárust 26 tilnefningar að þessu sinni.. Niðurstaðan verður tilkynnt við hátíðlega athöfn á Þjóðhátíðardaginn þann 17. júní nk.

2. 2602-1828 - Sementsreitur Deiliskipulag Reitir A og B

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, reita A og B, að lokinni grenndarkynningu samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Skipulags- og umhverfisráð hefur fjallað um framkomnar athugasemdir og viðbrögð við þeim og samþykkti á fundi sínum nr. 352 þann 4. maí sl. framlagða samantekt og svör við athugasemdum. Jafnframt lagði ráðið til við bæjarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, reita A og B, og að málið verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2605-3514 - Matarmiðar - Endurskoðun verðgildis

Til skoðunar hefur verið að hækka verðgildi matarmiða Akraneskaupstaðar að kröfu þjónustuveitanda. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3625 þann 13. maí sl. að verðgildi matarmiða Akraneskaupstaðar verði kr. 2.400 með gildistíma frá 1. júní 2026, taldi rými vera innan samþykkrar fjárhagsáætlunar vegna þessa útgjaldaliðar og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

4. 2602-1606 - Breyting á dagsetningu fundar bæjarstjórnar 10. júní 2026 í stað 9. júní 2026

Bæjarfulltrúar óska eftir að færa fund bæjarstjórnar, sem samkvæmt samþykkttri fundaáætlun á að vera þriðjudaginn 9. júní nk. kl. 17:00, til 10. júní nk. kl. 17:00 vegna útskrifta í grunnskólum Akraneskaupstaðar þann 9. júní nk.

5. 2605-3699 - 3625. fundur bæjarráðs

1435. fundargerð bæjarráðs frá 13. maí 2026.

6. 2605-3498 - 267. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

267. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 11. maí 2026.

7. 2605-3755 - 268. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

268. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. maí 2026.

8. 2604-3343 - 353. fundur skipulags- og umhverfisráðs

353. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 18. maí 2026.

9. 2605-3906 - 285. fundur skóla- og frístundaráðs

285. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 20. maí 2026.

10. 2602-1293 - Fundargerðir apríl 2026 - Faxaflóahafnir

267. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 22. apríl 2026.

11. 2604-2885 - Fundargerðir febrúar og mars 2026 - Orkuveita Reykjavíkur

374. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 23. febrúar 2026. 375. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 6. mars 2026.

12. 2602-1290 - Fundargerðir maí 2026 - Samband íslenskra sveitarfélaga

998. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2026.

13. 2602-1645 - Fundargerðir maí 2026 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

202. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 18. maí 2026.

Akranesi, 26. maí 2026
Valgarður Lyngdal Jónsson